

Samkomulag milli Sameyki og Klettabæjar á styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki

Markmið með styttingu vinnuvikunnar er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta betur vinnu og einkalíf, þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari. Breytingunum er ætla að tryggja betri vinnutíma, auka öryggi og bæta heilsu. Einnig er þeim ætlað að auka stöðugleika í mönnun og draga úr yfirvinnu.

Klettabær rekur sértæka þjónustu fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Vegna þessa er rekstrarumhverfi Klettabæjar að sumu leyti frábrugðið því sem gengur í öðrum fyrirtækjum þar sem unnin eru störf í vaktavinnu. Í öllu umhverfi Klettabæjar er stöðugleiki í fyrirrúmi, í þessari vinnu er því mikilvægt að horfa til öryggis og þjónustuparfa þjónustunotenda Klettabæjar og að velferð þeirra sé ávallt í fyrirrúmi.

Tillögurnar eru unnar út frá kjarasamningi Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu og Klettabæjar ehf., dags. 20. maí 2020, sbr. Fylgiskjal 2 við samninginn, þar sem fjallað er um styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki.

Vinna hefur verið í gangi hjá Klettabæ að aðlagast breyttum aðstæðum. Er nú komið í ljós að breyting á vinnutíma vaktavinnufólks og aðlögun vinnuskipulags, mun mögulega ekki ná þeim markmiðum sem lagt var upp með að teknu tilliti til eðli og starfsemi Klettabæjar ehf. Vegna þessa eru þessar tillögur lagðar fram, sbr. Fylgiskjal 2.

Eftirfarandi eru tillögur Klettabæjar ehf. um útfærslur á styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki sem starfar hjá Klettabæ ehf. og eru félagsmenn í Sameyki:

- Mánaðarlega vinnuskylda minnkar úr 173,3 tímum í 156 tíma.
- Vaktaálag á næturvöktum á tímabilinu 00:00 til 08:00 verður hækkað í 65% mánudaga til fimmtudaga og 75% föstudaga til sunnudaga.
 - o 65,00% kl. 00:00 -08:00 þriðjudaga -föstudaga
 - o 55,00% kl. 08:00 -24:00 laugardaga, sunnudaga
 - o 75,00%kl. 00:00 -08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga
- Vaktaálag fyrir stórhátíðardaga verður óbreytt.
- Aðrir liðir kjarasamnings svo sem þeir sem snúa af greiðslum vegna neysluhléa og aukagreiðslum vegna yfirvinnu eða aukavakta haldast óbreytt.

Klettabær hefur reiknað út laun nokkra starfsmanna er starfa í mismunandi starfshlutfalli og í fjölbreyttu vaktaskipulagi. Samkvæmt þeim útreikningum munu þeir starfsmenn er starfa á fjölbreyttum vöktum hækka í launum, þrátt fyrir styttri vinnutíma. Er því um tvöfalda kjarabót að ræða.

Klettabær mun eftir fremsta megni reyna að tryggja að allir starfsmenn fái fjölbreytilegar vaktir til að tryggja að laun lækki ekki með þessum breytingum.

Tillögur þessar verða endurskoðaðar í janúar 2022.

Reykjavík 4. mars 2021.



1

Jóhanna M. Fleckenstein